

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Árbæjarblaðið

6. tbl. 22. árg. 2024 júní

Fréttablað íbúa í Árbæjarhverfi



Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs

Allar almennar
bílaviðgerðir

Gylfahlöt 24 - 30 • 112 Reykjavík
Sími 577 4477

www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET



Fjólmennti var í Árbæjarkirkju í hátíðarguðsþjónustu á uppstigningardag. Kirkjukór Árbæjarkirkju ásamt kórstjóranum Krisztinu Kalló organista sá um tónlistina. **ÁB Mynd Katrín J. Björgvinsdóttir**

Hátíð í Árbæjarkirkju

- sjá bls. 12 og 13



HeilsuKlasinn

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) • 200 KÓPAVOGI • SÍMI: 567 7360

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER
LEIKIN AF
120.000.000
MANNS Í YFIR
90 LÖNDUM.**

**KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.**

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

Gjafir fyrir veiðimenn og fyrirtæki

Gröfum nöfn veiðimanna
á boxin - Persónuleg og falleg gjöf

Sjá nánar á Krafla.is og í síma 698-2844



Íslenskt birki



„Mahoný“

Árbæjarblaðið

Útgefandi: Skrautás ehf. Netfang: abl@skrautas.is
 Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.
 Ritstjórn: Símar 698-2844 og 699-1322.
 Netfang Árbæjarblaðsins: abl@skrautas.is
 Útlit og hönnun: Skrautás ehf.
 Auglýsingar: 698-2844 og 699-1322 - Stefán Kristjánsson
 - abl@skrautas.is
 Prentun: Landsprent ehf.
 Ljósmyndarar: Katrín J. Björgvinsdóttir.
 Dreifing: Póstdreifing.

Árbæjarblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Árbæ, Ártúnsholti, Grafarholti og Norðlingaholti.

16 milljarðar til Úkraínu

Nú nýverið greindi forsætisráðherra Íslands frá því að til staði að Ísl- and ætlaði að greiða 4 milljarða króna árlega næstu fjögur árin til stuðnings við Úkraínu í stríðinu gegn Rússlandi.

Er ekki rétt að stöðva þá stjórnmálamenn sem hugsa svona? Svona hugsun er svo galin að taka verður í taumana. Ef þetta er stefna Sjálfstæðisflokksins með Bjarna Benediktsson í broddi fylkingar er kominn tími til að stöðva þann flokk og koma honum frá völdum. Reyndar virðist hann sjá alveg um það sjálfur þessa dagana ef marka má skoðanakannanir síðustu vikna og missera.

Er það virkilega mat stjórnmálanna sem eru við stjórnvölinn að svo mikið sé til af peningum á Íslandi að í lagi sé að greiða 16 þúsund milljónir á næstu fjórum árum til Úkraínu? Getum við virkilega séð af öllum þessum peningum í stríðsrekstur sem kemur okkur bókstaflega ekkert við?

Rétt er að benda þessum ágætu stjórnmálamönnum á þá staðreynd að það vantar mörg hundruð heimilislækna á Íslandi í dag og sömuleiðis vantar mörg hundruð lögglumenn til starfa. Í stað þess að auka við framlag ríkisins til löggæslumála er unnið að því að skera niður í þessum málaflokki. Væri ekki skynsamlegra að nýta þessar 16 þúsund milljónir í þessa málaflokka svo dæmi sé tekið?

Nánast daglega verður maður orðlaus yfir ákvörðunum sem stjórnmálamenn taka á Íslandi. Það virðist vera í tísku hjá forystumönnum Sjálfstæðisflokksins þessa dagana að þenja sig í útlöndum og eyða háum fjárhæðum í málefni sem koma okkur bara ekki við. Utanríkisráðherrann, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir var á dögnum að þenja sig í Georgíu af öllum löndum. Skipta sér þar af innanríkismálum sem koma Íslendingum bara ekkert við. Og takandi þátt í mótmælum á götum úti. Það er ekki mikið að gera hjá utanríkisráðherra Íslands þegar hann hefur tíma og efni á því að eyða tíma sínum og peningum í svona hluti.

Samfylkingin er á endalausum flugi og eykur við fylgi sitt með hverri könnun þrátt fyrir að ráða ekki við rekstur Reykjavíkurborgar. Samfylkingin er á góðri leið með að fá tvöfalt fylgi Sjálfstæðisflokksins, bæði í borginni og á landsvísi. Öðru vísi mér áður brá og hvað er framundan? Er ekki bara best að skipta um fólk í brúnni?

Stefán Kristjánsson

abl@skrautas.is



Hörður Guðjónsson framkvæmdastjóri Fylkis og Björn Gíslason formaður ásamt sjö aðilum í Fylki sem fengu gull- og silfurmerki félagsins á aðalfundi Fylkis á dögnum.

Sjö fengu gull- og silfurmerki Fylkis

Aðalfundur Fylkiss fór fram á afmælisdegi félagsins 28. maí 2024.

Björn Gíslason var endurkjörin sem formaður félagsins sem og aðalstjórn félagsins.

Hér fyrir neðan má sjá nöfn þeirra sem munu sitja í stjórn félagsins.

Björn Gíslason formaður
 Atli Atlason varaformaður
 Kristinn Eiríksson ritari
 Guðný Erla Jakobsdóttir
 Erna Bryndís Einarsdóttir
 Hulda Birna Baldursdóttir
 Jón Birgi Eiríksson

Stjórn deildana er hægt að finna á heimasíðu félagsins.

Veitt voru heiðursmerki og að þessu sinni fengu eftirtaldir aðilar heiðursmerki:

Silfurmerki Fylkis

Ágústa Ósk Sandholt. Ágústa byrjaði eins og flestir aðrir sem foreldri iðkenda hjá félaginu. Ágústa hefur verið og er virk í foreldraráðum félagsins. Ágústa hefur verið nokkur ár í Barna- og unglingaráði. Í dag leikur Ágústa einnig stórt hlutverk í framkvæmd heimaleikja hjá félaginu. Sama á við um aðra viðburði hjá félaginu.

Ágústa er þessi félagsmaður sem ekkert félag á nóg af.

Eftirtaldir dómamar knattspyrnu-deildar fengu einnig silfurmerki Fylkis

Þeir eiga það allir sameiginlegt að hafa fylgst með fótbolthanum hjá Fylki sem feður og sýnt áhuga á dómgsæslu og hella sér í hana af fullum þunga og dæmt mikið fyrir Fylki og KSÍ.

Allir eru þeir starfandi dómamar í dag. Sumir dæma eingöngu fyrir Fylki – aðrir dæma núna bæði fyrir Fylki og KSÍ.

Guðmundur Páll Frðibertsson, Ólafur Bjarkason, Sigurður Þór Sveinsson, Kristinn Guðmundsson. Kiddi er bókstaflega alinn upp á Fylkissvæðinu. Hann er eini Árbæingurinn og Selásbúinn sem átti sinn eigin fótboltavöll í pósthúsi 110, svo kallaðan „KIDDA-VÖLL“ þar sem hart var barist. Auk þess að þjálfa fyrir Fylki þá var Kiddi auk þess leikmaður meistaraflokks Fylkis, vinstri bakvörður sem aldrei braut af sér þannig að til hans sæist.“

Gullmerki Fylkis

Þorvaldur Árnason knattspyrnu-

dómari.

Hann fór á námskeið ásamt flokknum sínum árið 1998 og hélt áfram í dómgsæslu.

Hann hefur verið dómari í 1. deild frá árinu 2008. Þorvaldur er með næst lengsta feril sem milliríkjadómari á Íslandi. Hefði verið með lengsta ferilinn ef hann hefði verið í tvö ár í viðbót. Unglingadómari 1998, héraðsdómari 2000, landsdómari 2003 og milliríkjadómari 2010.

Stefanía Guðjónsdóttir eða Steffí Steffí hefur í mörg ár verið allt í senn, foreldri iðkenda, í foreldraráðum, meistaraflokksráði kvenna og stjórn knattspyrnu-deildar. Steffí er líka allt í öllu þegar kemur að umgjörð heimaleikja og þá sérstaklega þegar kemur að því að lyfta umgjörð um knattspyrnu kvenna hjá félaginu. Þessu til viðbótar er varla haldinn viðburður í félaginu án þess að Steffí komi þar nærri. Steffí hefur keyrt þá nokkra hringina í kringum landið með lið Fylkis til keppni í gegnum árin. Steffí er þessi algjörlega ómissandi sjálfboðaliði sem Fylkir væri ekki á sama stað án.

GB

TJÓNAVIÐGERÐIR



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



SJÓVÁ TM VÍS VÖRÐUR

Hafðu samband núna

Draghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatid sem sent er til tryggingarfélaga.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir
byrjendur og lengri komna á
öllum aldri.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600
Bíldshöfða 9



Gull æfingaáætlun



Kort í tækjasal



60+ Námskeið



Kvennaleikfimi



Stórsókn í húsnæðis- málum eldri Reykvíkinga

- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar og oddviti Viðreisnar í Reykjavík

Framundan er nú stórfelld uppbygging íbúða fyrir eldri Reykvíkinga víða um borgina. Á teikniborðinu eru allt að 2.600 nýjar íbúðir auk hjúkrunarheimila. Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast og borgarbúar að eldast og því afar mikilvægt að haga uppbyggingu fyrir eldra fólk í borginni í takt við það.

Borgarráð kallaði í maí 2023 eftir samstarfsaðilum um þróun og uppbyggingu á lífsgæðakjörnum og nýlega skrifuðum við undir viljayfirlýsingar um uppbyggingu á fjórum stöðum í borginni þar sem þróuð verður áhugaverð ný nálgun á húsnæði og þjónustu fyrir fólk á besta aldri. Ég er afar ánægð með þann mikla áhuga sem þróunar- og uppbyggingaraðilar hafa sýnt þessum áætlunum borgarinnar. Þróun og uppbygging á húsnæði fyrir eldra fólk hefur, að mínu mati, ekki verið nægileg undanfarnin áratug og því komin tími til að reima á strigaskóna og skokka af stað.

Lífsgæðakjarnar er heiti yfir nýja nálgun á húsnæði sem er einkum hugsað fyrir eldra fólk þar sem áhersla er á fjölbreytt búsetuform. Þar er eignaríbúðum, leiguíbúðum og jafnvel hjúkrunarrýmum raðað saman í aðlaðandi umhverfi með aðgengi að fjölbreyttri þjónustu og í bland við íbúðarhúsnæði fyrir aðra aldurshópa. Markmiðið er að tryggja áhugavert og gott umhverfi, samveru og öryggi. Í raun verður um samfélag að ræða, þar sem tekið er mið af mismunandi þörfum íbúa. Lífsgæðakjarni er því í raun samheiti

yfir samfélag eldra fólks, búsetu þeirra og þjónustu. Ekki er til nein lagaleg skilgreining á kjörnum sem þessum og því mikilvægt að vita að þróun lífsgæðakjarna verður ekki alls staðar eins og þjónustan verður mismunandi.

Lífsgæðakjarnar í þróun á fjórum stöðum í borginni

Það stendur til stendur að byggja á 2.600 íbúðir og hjúkrunarheimili á nokkrum uppbyggingarreitum sem

• Klasi - Breiðhöfði 10 eða Norður-Mjódd.

• Þorpið - Stórhöfði 9.

• Þingvangur - Köllunarklettsvegur 3 og Hlésgata 1.

• Reitir - Loftleidasvæðið við Nauthólsveg.

Með viljayfirlýsingunni lýsa Reykjavíkurborg og ofangreindir aðilar því yfir að þau séu tilbúin til að taka þátt í skipulagsvinnu og viðræðum varðandi þróun og uppbyggingu lífsgæðakjarna. Sú vinna er nú hafin og stefnt er að því í að niðurstaða liggja fyrir innan sex mánaða.

Það er afar ánægjulegt að sjá að þeir aðilar sem koma að samkomulaginu hafa unnið sínar tillögur af metnaði í samtali og samráði við félög eldra fólks en einnig sótt sér alþjóðlega ráðgjöf við þróun og útfærslu lífsgæðakjarnanna. Útkoman verður ólíkir kostir þó allir miði að því að búa til gott samfélag fyrir eldra fólk.

Samhliða auknu framboði á íbúðum fyrir eldra fólk mun losna um sérþýli og eignir í öllum hverfum borgarinnar, yngri kynslóðum til góða. Það er allt á fullu í Reykjavík og miklu máli skiptir að uppbygging og þróun borgarinnar haldi örugglega áfram, því okkar áform eru stórsókn í húsnæðismálum eldri Reykvíkinga.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar og oddviti Viðreisnar í Reykjavík.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar og oddviti Viðreisnar í Reykjavík.

hafa verið skilgreindir fyrir lífsgæðakjarnar fyrir eldri Reykvíkinga.

Þau svæði sem eru í þróun, eru eftirfarandi:



Frábær
gjöf fyrir
veiðimenn
og konur

Gröfum nöfn veiðimanna á boxin
Uppl. á www.Krafla.is (698-2844)

eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023

Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndaryfirir
Tækis
Vakjaldunir Skoðun

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!



• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

GLÆNÝ VEFSALA Á FYLKIR.IS

FYLKIS
DERHÚFA
4.990

FYLKIS
TREYJA
10.000

FULLT AF FYLKISVÖRUM
Á FRÁBÆRU VERÐI

Allt fyrir sumarið

á hagstæðu verði



39.995 kr.

Lavor háþrýstidæla með risa aukahlutapakka



64.995 kr.

Kaliber Silver III Gasgrill 11,5kW



99.995 kr.

Bensín sláttuvél Briggs & Stratton mótór



9399 kr.

Hekklippur rafmagns 520W



11.395 kr.

Rafmagnsstáttuorf 600W



33.995 kr.

Kaliber ferðagasgrill 2ja brennara



20% afsláttur

Verð-áður: 2.899 kr.

2319 kr.

Tréolia V



19.999 kr.

Rafmagnssláttuvél 1400W



1795 kr.

Undri Garðahreinsir



Garðverkfæri

á frábæru

verði!

Strákústur - 1399 kr.
Steypuskófla - 2329 kr.
Kantskeri - 2495 kr.
Malarskófla - 2999 kr.
Stungugaffall - 3695 kr.
Malarhrifa - 2389 kr.
Laufhrifa - 829 kr.



1995 kr.

Truper garðverkfærasett



Áburður

á Múrbúðarverði

Grasfræ 1kg - 1699 kr.
Bláskorn 7kg - 2269 kr.
Graskorn - 1999 kr.



1195 kr.

Staurasteypa, 15kg



9995 kr.

Trappa með vinnuborði 4.þrep



Mjög gott úrval af garðslöngum

Verð frá **2.629 kr.**

Garðslöngur

Kletthálsi 7
110 Reykjavík
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

Selhella 6
221 Hafnarfjörður
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-16
Sími: 412 2500

Fuglavík 18
230 Reykjanesbær
Virkir dagar opið 08-18
Laugardagar opið 10-14
Sími: 421 1090

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Bleikja með sesam og kókoshjúp

- frábær réttur sem vert er að prófa

Kristjana Steingrimsdóttir, Jana, býður lesendum okkar upp á frábærar uppskriftir af fiskréttum. Réttirnir eru í senn hollir og gómsætir og við skorum á lesendur að prófa þessa rétti.

hvít eða bara hvít).
1,5 msk. tamari sósa.
1/3 bolli kókossflögur.
1/3 bolli ólífuolífa.

700 gr. bleikjuflök.
70 gr. makadamian hnetur saxaðar (eða aðrar góðar hnetur).

Hitið ofninn í 180 gráður.
Setjið bleikjuflökin í eldfast mót.
Öllu nema bleikjuflökunum blandað saman í skál og borið því næst á bleikjuna.

1/2 msk. rífið engifer, ca 3 cm bútur.

Látið standa í ca 30 mínútur, setjið inn í ofn í 12-14 mínútur eða þar til allt er orðið vel gyllt á litinn og bleikjan elduð.

Safi og börkur af einni sítrónu.

1/3 rauður chili saxaður fínt eða 1/4 tsk. chiliflögur.

Frábært að bera fram með góðu og fersku salati og kaldri sósu.

2 stk. vorlaukur saxaður.

3 msk. akasíu hunang/ eða önnur sæta.

3 msk. ristud sesam olía.

4 msk. blönduð sesam fræ (svört og

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)
jana.is - www.instagram.com/janast



Bleikjan hennar Jönu er sérlega gómsætur og hollur réttur.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



ÚTILÍFSSKÓLI SKÁTA

Sumarnámskeið fyrir
8-12 ára krakka
í Reykjavík

**SUMARNÁMSKEIÐ Í
ÚTILÍFSSKÓLANUM
ERU AÐ HEFJAST!**

FRÁBÆR NÁMSKEIÐ FYRIR
BÖRN FÆDD Á ÁRUNUM 2012
TIL 2016 MEÐ FJÖLBREYTTRI
DAGSKRÁ ÚTI Í NÁTTÚRUNNI.



NÁMSKEIÐ
HJÁ ÁRBUUM:

- 1 10.-14. JÚNÍ
- 2 18.-21. JÚNÍ (4 dagar)
- 3 24.- 28. JÚNÍ
- 4 01. -05. JÚLÍ
- 5 12.-16. JÚLÍ

SKRÁNING OG FLEIRI
UPPLÝSINGAR Á
UTILIFSSKOLI.IS



Sumarnámskeið



Rafípróttar



Blandað

18-21 júní
8-12 ára 9-12
1-5 júlí
8-10 ára 9-12
10-12 ára 13-16

15-19 júlí
8-10 ára 9-12
10-12 ára 13-16

Fortnite Bootcamp

18-21 júní
10-14 ára 13-16

Verð
22.900
per vika

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR
PATREKUR - patrekur@eca.gg**

KÍKTU Í HEIMSÓKN & NÆLDU Í GÓÐGÆTI Á GRILLIÐ

SUMARGRILL

STEIKUR & MEÐLÆTI



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á
SÆLKERABÚÐIN.IS



SÆLKERA
- BÚÐIN -

BITRUHÁLSI 2 · KRINGLUNNI · GARÐABÆ

SÆLKERABÚÐIN.IS



5. flokkur karla.



Grænir
skátar

Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ

Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar.
Við tökum vel á móti þér.

Grænir skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu.
Munið eftir nýja endurvinnsluappinu

Greiddar eru 20 kr.
fyrir eininguna



Opnunartíminn okkar er:

Vikrir dagar kl. 9-18
Helgar kl. 12-16:30



Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 . 110 Reykjavík

Uppskeruhátíð Handboltans

Uppskeruhátíð handknattleiksdeildar Fylkis var haldin fimmtudaginn 23. maí fyrir iðkendur í 5. - 8. flokki félagsins en það eru krakkar í 1. - 8. bekk grunnskóla. 180 krakkar á þessum aldri æfa handbolta hjá félaginu og hafa staðið sig vel í vetur og tekið miklum framförum í handbolta.

Mikið fjör var á uppskeruhátíðinni en eldri iðkendur í samstarfsflokkum Fylkis og Fjölnis tóku þátt í hátíðinni og stýrðu vátakeppni, sáu um hoppukastala sem var á staðnum og gáfu iðkendum grillaðar pylsur.

Hópmynd var tekin af hverjum flokki með þjálfurum sínum og þá var Ingvar Örn Ákason, sem hefur verið yfirþjálfari yngri flokka síðustu ár, kvaddur en hann lætur nú af störfum hjá félaginu.

Nú tekur við sumarfrí hjá yngri flokkunum en æfingar byrja aftur í lok ágúst þegar skólamir byrja. Það er gaman í handbolta og allir velkomnir á æfingar að loknu sumarfrí.



6. flokkur karla.



6. flokkur kvenna.



7. flokkur karla.



7. og 8. flokkur kvenna.



8. flokkur karla.

SUMARNÁMSKEIÐ KÖRFUBOLTANS

FYRIR ÖLL 6-15 ÁRA
BÖRN

VERÐ;
10.000kr VIKAN

NÁMSKEIÐIÐ ER BYGGT UPP FYRIR BÖRN AÐ LÆRA GUNNINN Í
KÖRFUBOLTA ÁSAMT ÞVÍ AÐ FARIÐ VERÐUR Í SKEMMTILEGA
LEIKI OG KEPPNIR SEM TENGJAST GREININNI
ÖLL NÁMSKEIÐ ERU FRÁ 09:00 - 12:00

YFIRÞJÁLFARI ER DAVID PATCHELL
OG EINNIG KOMA GESTAÞJÁLFARAR

NÁMSKEIÐIÐ ER HALDIÐ Í FYLKISHÖLL



NÁMSKEIÐIN

10.06 - 14.06

18.06 - 21.06

24.06 - 28.06

12.08 - 16.08

**SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
SPORTABLER**

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

 HeilsuKlasinn



Við úðum garðinn þinn

- Hagstætt verð og vönduð vinna
- Ný og viðurkennd efni
- Eyðum líka meindýrum

GARÐÚÐUN MEINDÝRAEYÐIR

Sigurður Ingi Sveinbjörnsson

Upplýsingar í sínum:
567 6090 & 897 5206

MEÐ LEYFI FRÁ HOLLUSTUVERND RÍKISINS

www.gardudun.is

VÖNDUÐ VINNA

meindyraeidir@simnet.is
- www.meindyraeydir.is

Stíflupjónusta Röramyndir Dælubíll



**VALUR
HELGASON**

stifla.is | 896 1100

Fréttir

Árbæjarblaðið



U-23 MIST FUNADÓTTIR
TINNA BRÁ MAGNÚSDÓTTIR



Mist Funadóttir og Tinna Brá Magnúsdóttir náðu merkjum áfanga á sínum ferli á dögnum.

Mist og Tinna valdar í U-23 ára landsliði kvenna

Þær Mist Funadóttir og Tinna Brá Magnúsdóttir voru á dögnum valdar til þátttöku með U-23 ára landsliði kvenna en þær munu koma saman og æfa í lok

mánaðarins ásamt því að spila einn æfingarleik.

Mist og Tinna hafa verið algjörir lykilmenn undanfarin ár með félaginu

og eru vel að þessu vali komnar!

Til hamingju báðar tvær með glæsilegan áfanga á ykkar ferli!

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SUBARU



HONDA



OPEL




SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Þessar þurfa að vera í boxinu þínu í sumar

Laxaflugur



Iða



Krafla gul



Krafla rauð



Krafla orange



Krafla blá



Krafla græn



Iða



Skröggur



Grænfriðungur



Elsa



Gríma blá



Kolskeggur

Tungsten keilutúpur



Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)



Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)



Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)



Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)

„Íslenska landsliðið“ í silungaflugum



Beygla




Beykir




Krókurinn



Mýsla



SilungaKrafla bleik



SilungaKrafla orange

Kíktu á Krafla.is

- Gjöfular, fallegar og sterkar flugur
- Íslensk hönnun



Krafla.is

Íslensk fluguveiði

Uppl. í síma 698-2844 og 699-1322



Þórhildur Svavarsdóttir, Sigrún Arnardóttir, Kristjana Jónsdóttir, Hildur Þórarinsdóttir og Hrafnhildur Björk Baldursdóttir úr Soroptimistaklúbbi Árbæjar buðu upp á veglegt kaffihlaðborð.

Hátíðarguðspjónusta í Árbæjarkirkju

Hún var vel sótt Hátíðarguðspjónustan á uppstigningardag 9. maí síðastliðinn á degi aldraðra.

Sr. Þór Hauksson sóknarprestur og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjónuðu og prédíkuðu.

Hlöðver Sigurðsson óperusöngvari söng einsöng ásamt kirkjukór Árbæjarkirkju undir stjórn Krisztínu Kalló orgenleikara og kórstjóra.

Sigrún Jónsdóttir og Alda María Magnúsdóttir lásu ritningarlestra dagsins og Jóhanna Sigurðardóttir, Valgerður Tómasdóttir, Erla

Ljósmyndir

Katrín J. Björgvinsdóttir

Frederiksen og Krístrún Marinósdóttir lásu upp bænir fyrir kirkjugesti.

Dagný Björg Gísladóttir og dóttir hennar Hjörny Snorradóttir afhentu kirkjunni að gjöf 7 vatnslitamyndir eftir eiginmann og föður, Snorra Svein Friðriksson listamann heitinn, sem birtust í bókinni „Jóla ljós“ sem kom út 1985.

Eftir athöfnina buðu konurnar í Soroptimistaklúbbi Árbæjar upp á veglegar kaffiveitingar í kirkjunni.



Steinunn Þorbergsdóttir djákni í Breiðholtskirkju og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir.



Systurnar Jónína og Sigríður Valdimarsdætur.

Árbæjarblaðið

5. tbl. 10. árg. 2012 maí

Fréttablað íbúa í Árbæ og Norðlingaholti

Árbæjarblaðið er lesið
á hverju heimili

Mest lesni fjölmiðillinn
í Árbæjarhverfinu?

Auglýsingar í Árbæjar-
blaðinu skila árangri

698-2844



Jóhanna Sigurðardóttir, Valgerður Tómasdóttir, Erla Frederiksen og Krístrún Marinósdóttir lásu upp bænir á degi aldraðra.



Jóhanna Oddgeirsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir og Gréta Guðmundsdóttir.



Kristína Kalló organisti og Hólmfríður Karlsdóttir.



Hlödver Sigurðsson óperusöngvari söng nokkur lög.



Sr. Þór Hauksson, Hjörný Snorradóttir, Dagný Björg Gísladóttir og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir.



Erla Frederiksen og Ólafur G. Karlsson.



Halldóra Halldórsdóttir, Heiðar Hallgrímsson og Björgvín Halldórssón skemmtu sér vel.



Sr. Þór Hauksson, Hjörný Snorradóttir, Dagný Björg Gísladóttir og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir.



Erla Ólafsdóttir ásamt tengdamóður sinni Esther Valdimarsdóttur og Alda María Magnúsdóttir.



Dagný Björg Gísladóttir, Kolbrún Björnsdóttir, Hjörný Snorradóttir og Sigrún Arnardóttir.



Magnhildur Sigurbjörnsdóttir prestfrú, Magnhildur Friðriksdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir.



Dagný Björg Gísladóttir og Hjörný Snorradóttir afhentu kirkjunni að gjöf 7 vatnslitamyndir eftir eiginmann og föður, Snorra Svein Friðriksson listamann

Félagsstarf fullorðinna

Við erum á Facebook

← Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105

🔍 Félagsmiðstöðin Hraunbæ
105
Félagsmiðstöð

🔍 Leita að Félagsmiðstöðin Hraunb...



Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105

Sími 411-2730

Gamla myndin

Árbæjarblaðið



Indriði Einarsson

Indriði Einarsson fæddist árið 1971 og kom til Fylkis í 2. flokki frá Þrótti R. Indriði lék með meistaraflokki í þrjú ár og var einnig hluti af U-21 árs landsliði Íslands. Hann var í Fylkisliðinu sem tryggði sér sæti í efstu deild haustið 1992 og í kjölfarið fór hann á lánsamning til Hibernian á Möltu. Indriði varð bráðkvaddur á Möltu í lok nóvember 1992. Innan Fylkis er starfræktur minningasjóður Indriða en sjóðnum er ætlað að aðstoða foreldra við greiðslu æfingagjalda sé þess þörf.

KG

Startaðu ferðasumarið með **TUDOR**

Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • NYTT vefverslun www.skorri.is

Útfararstofa Íslands
Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300
Kommum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað
✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is

Sveinir Einarsson
Útfarastjóri
S: 896 8242

Jón G. Bjarnason
Útfarastjóri
S: 793 4455

Jóhanna Firkisdóttir
Umjón útlara

Guðmundur Ó. Jóhannes
Framkvamdarstjóri
Umjón útlara
S: 862 0537

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Árbæjarblaðið
Ritstjórn og auglýsingar sími 698-2844

SUMARNÁMSKEIÐ

KNATTSPYRNUDEILDAR

Knattspyrnskóli Fylkis fer fram í sumar á Fylkisvelli og er kennt frá kl 09.00 - 12.00.
Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum 6-12 ára (f. 2012-2017)
Á þeim eru mismunandi þemu og áherslupættir eru teknir fyrir í hverri viku.

10-14 JÚNÍ - BOLTATÆKNI Yfirþjálfri er:
18-21 JÚNÍ - LEIKÆFINGAR* Kristján Gylfi UEFA-A þjálfari
24-28 JÚNÍ - LIÐSHEILD
11-5 JÚLÍ - VARNARLEIKUR
6-9 ÁGÚST - SPYRNUÆKNI*
12-16 ÁGÚST - SÓKNARLEIKUR
*FJÖGRA DAGA NÁMSKEIÐ

VERÐ ADEINS 10.000.KR*
*8.000kr fyrir 4 daga

Hámarksfjöldi á hvert námskeið er 60 iðkendur.
Nánari upplýsingar & skráning er á Sportabler!

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fréttamolar frá kirkjustarfinu

Helgihald í Árbæjarkirkju

Sumarhelgistundir

Þær verða sumarmánuðina - júní - september hvern sunnudag kl. 11.00

Sumarhelgistundin er með léttara formi/sniði. Hugleiðing og mikill söngur.

Um er að ræða hálf tíma langa stund í kirkjunni þar sem komið er saman til helgrar þjónustu

þar sem andtak gefst frá skarkala hversdagsins og notið kyrrðar og söngs.

Upplýsingar um hvern sunnudag og starfið er að finna á heimasíðu kirkjunnar www.arbaejarkirkja.is

Þar er líka að finna skráningarformið fyrir fermingar vorsins 2025.



Skoðið nánar á heimasíðu kirkjunnar www.arbaejarkirkja.is

Látnir þvo strætó á nóttunni

- eftir sr. Þór Hauksson sóknarprest í Árbæjarsókn

Hversu oft hefur komið upp sú staða að þér leiðist? Finnst eins og tilveran sé í svart hvítu, ótextuð þögul mynd. Líf allra hinna í kringum þig er í björtum pastel litum og tilveran eins og úr draumverksmiðju Disney samsteypunnar. Myndin/lífið tilklippið, búið að bæta við hljóðrás með angurværri tónlist og fuglarnir syngja ofan í hálsmálið þannig að sætur hrollur liðast um líkama og tár birtist á hvarmi sem fellur í svörð og vökvar og upp vex fallett blóm, en þú sjálf/ur eins og filman svarthvíta sem liggur á gólfi í klippiherbergi almættisins.

Flest okkar kónnumst við við að hafa verið þarna á köldu gólfinu ef ekki öll einhverntíman. Ég hef sagt og segi enn að það er hollt að leiðast. Af leiðanum kemur eitthvað nýtt óvænt til góðs og hin hliðin til hins verra. Í dag er dagskipunin að tilveran eigi að vera sprúlandi hamingja og gleði sem er töppuð af krana ótæmanlegrar lindar úr iðrum hugans, bara að finna hana og virkja á samfélagsmiðlum að ekki sé talað um „Like-in“.

Upp á skjá tilverunnar sem snýr að öllum öðrum en sjálfum þér er allt í lukku og velstandi með vinum og vandamönnum sem gefa sér tíma til að brosa framan í skjáinn því það er svo gaman en þú ert heima að horfa á Gísla Marteín með sína

viðmælendur sem kemur ekki á óvart að séu á setti, því þau eru að gera svo mikið skemmtilegt og þú dregur sængina yfir höfuð og reynir að gleyma næsta degi því það er ekkert á dagskránni hjá þér.

Lífið eins og á auðum sjónvarpsskjánum einungis textinn.

„Dagskránni er lokið.“

Í órvæntingu milli vöku og svefnis teygjum við okkur yfir girðingu þessa tveggja heima tilverunar - hamingjunnar og leiðans og grípum í tóm.

Er samt í seilingarfjarlægð því girðingin er einungis í huga eins og ævintýrin.

Í raunveruleikanum er auðveldara að staðsetja sig. Segja ekki Stuðmenn, hljómsveit allra landsmanna í einhverjum laga sinna, að „raunveruleikinn væri trunta sem segir fátt.“

Einföld athöfn eins og að fletta blöðum að morgni, tímaritum að kveldi dags, eða skrolla samfélagsmiðla má svarthvítum raunveruleika „sem segir fátt umbreyta í regnboganslitu tilverunnar og þarf



sr. Þór Hauksson.

engna „draumaverksmiðju“ til þess að svo megi verða. “

Undirrituðum hefur í gegnum tíðina gert sér til dundurs að skrá hjá sér sköndnar fyrirsagnir í blöðum. Það var ófáum blöðum um það að fletta í bókstaflegri merkingu fyrir á

árum þegar dagblöðin voru fleiri en eitt og fleiri en tvö og fylla þurfti blöð dagsins af fréttum af mönnum og málefnum líðandi stundar fyrir næstu prentun.

Í dag er talað um „beitur“ fyrirsagnir sem fá okkur til að staldra við og lesa fréttina sem liggur undir að lestri loknum fellur undir hugtakið „Ekki frétt.“ Mér segir svo hugur að svo hafi alls ekki verið hér fyrir á árum.

Fyrirsagnir sem fengu lesandann til að skella upp úr við lesturinn voru ófáar og ein og ein dettur enn inn í dag.

Fyrirsögn í blaði sem kemur fyrst upp í hugann minn eða sú sem ég man fyrst eftir fyrir mörgum árum var eftirfarandi:

„Barinn á Hótel Borg fluttur á slysadeild Borgarspítalans.“ Auðvitað var það ekki þannig eins

og fyrirsögnin gaf til kynna þótt gárungar þess tíma hafi af óþörfu gert sér ferð á slysadeildina til að fá sér í tána.

Svo er fyrirsögnin í Bændablaðinu um árið sem vægast sagt var kindarleg.

„Bændur leita að kindum á fjórhjólum.“

Um daginn var ég spurður hvort ég tryði á líf eftir dauðann.

Já, ég trúi því alveg en get ekki sagt að ég sé mjög spenntur fyrir framhaldslífinu.

Það kom á fyrirspyrjandann þannig að til úskýringar sagði ég honum frá fyrirsögn á frétt í einu dagblaðana sem ég hafði rekist á einhverjum dögum áður.

„Látnir þvo strætó á nóttunni.“

Þór Hauksson

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

 HeilsuKlasinn





Silli kokkur Höfðabakka 1



- Villibráð með stöðugum nýjungum á matseðli
- Skemmtilegur staður fyrir fjölskyldur, vini, afmæli eða vinnustaði
- Barnamáltíð á 500 kr. og safi og ís í desert innifalið
- Notaleg stemning fyrir allan aldur og oft uppákomur um helgar



Silli Kokkur - S: S691-5976 - sillikokkur.is